



## PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

# Ákvörðun nr. 6/2021

### vanefndir IMC Ísland ehf. á skilmálum tíðniheimildar

(Málsnúmer: 2020090055)

#### 1.

#### Forsaga

(1) Með tíðniheimild dags. 14. febrúar 2012 var IMC Ísland ehf., kt. 620600-3690, (hér eftir nefnt leyfishafi), veitt heimild til notkunar á tíðnum fyrir GSM farsímaþjónustu í 1800 MHz tíðnisviðinu, nánar tiltekið á tíðnisviðinu 1740,3 - 1743,7 / 1835,3 - 1838,7 MHz (rásir 663 - 679), að því marki og með þeim skilyrðum sem fram koma í heimildinni.

(2) Í 2. gr. tíðniheimildarinnar er gerð krafa um ákveðna útbreiðslu þjónustunnar og skilvirka nýtingu tíðninnar. Þá skal leyfishafi, innan sex mánaða frá gildistöku tíðniheimildarinnar, skila Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) uppbyggingaráætlun kerfisins sem skal háð samþykki PFS.

(3) Nánar segir að útbreiðsla þjónustu skuli á gildistíma heimildarinnar eigi vera lakari en hún var við útgáfu hennar þann 14. febrúar 2012, nema PFS veiti heimild til annars. Þá skuli leyfishafi tilkynna PFS jafnóðum til hvaða svæða GSM farsímaþjónusta hans nær. Varðandi kröfuna um skilvirka nýtingu tíðninnar þá felur hún í sér að GSM farsímaþjónusta leyfishafa skuli að lágmarki ná til 10% íbúa þess svæðis sem tíðniheimildin nær til innan þriggja ára frá gildistöku tíðniheimildarinnar.

(4) Núverandi tíðniheimild leyfishafa kom til vegna endurnýjunar eldri tíðniheimildar hans frá árinu 2000. Áður en leyfishafi fékk núverandi tíðniheimild var efnt til samráðs meðal hagaðila í samræmi við ákvæði 6. gr. laga nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun. Leyfishafi var eitt fjögurra fjarskiptafyrirtækja sem skiluðu inn umsögnum vegna samráðsins.

(5) Í skýrslu PFS um niðurstöðu samráðsins frá 19. nóvember 2011 kemur fram að leyfishafi hafi lýst því yfir við PFS að hann hefði ekki í hyggju annað en áframhaldandi rekstur GSM þjónustu (2G-2,75G) en óskar eftir aukinni heimild eða 2x4,5 MHz tíðnisviði. Þá sagði í niðurstöðuskýrslunni að stofnunin hefði í hyggju að veita leyfishafa skilyrta 2x4,5 MHz úthlutun fyrir GSM/EDGE þjónustu til ársins 2022. Þá sagði PFS orðrétt:

*"Ljóst er að uppbygging þjónustu IMC á tíðnisviðinu hefur verið takmörkuð fram til þessa. Í ljósi meginreglunnar um skilvirka nýtingu tíðna og hugsanlegrar aukinnar eftirspurnar eftir tíðnisviðinu til háhraðafarneta telur PFS óhjákvæmilegt að setja skilmála um lágmarks uppbyggingu og útbreiðslu."*

(6) Tíðniheimildin er hins vegar ekki eins og eldri tíðniheimildin og ekki heldur eins og PFS hafði í upphafi lagt upp með að leyfishafi fengi við endurnýjunina. PFS bauð leyfishafa í upphafi samskonar tíðniheimild og annað fjarskiptafélag hér á landi hafði fengið sem næði til alls landsins og með tiltekinni útbreiðslukröfu. Leyfishafi hafnaði hins vegar því boði og óskaði minna íþyngjandi tíðniheimildar. Eftir viðræður PFS og leyfishafa varð úr að tíðniheimild yrði bundin við landsvæði en ekki byggðakjarna (eins og eldri tíðniheimildin) og þá skyldi útbreiðslukrafan vera mun minni en PFS lagði til í upphafi. Það var því að ósk leyfishafa að núverandi tíðniheimild væri mun léttvægari hvað varðaði útbreiðslukröfu og þá taldi leyfishafi þessa tíðniheimild hagstæðari, þrátt fyrir að hún næði ekki til þéttbýlasta hluta landsins og gæti aðeins veitt 2G þjónustu.

(7) Tíðniheimildin kvað á um að skilvirka nýtingu tíðninni og þá þannig að GSM farsímaþjónusta leyfishafa skyldi ná að lágmarki til 10% íbúa þess svæðis sem tíðniheimildin næði til innan þriggja ára frá gildistöku hennar. Skömmu áður en þriggja ára tímafresturinn leið óskaði leyfishafi með bréfi, dags. 11. desember 2014, að tímafresturinn yrði framlengdur. Ástæðuna sagði leyfishafi vera þá breytingu sem hefði átt sér stað á fjarskiptamarkaðnum á undanförunum árum og vísað til möguleika á samnýtingu tíðna með öðrum fjarskiptafélögum. Þá vísaði leyfishafi einnig til þess að Samkeppniseftirlitið væri með til meðferðar mál varðandi tvö fjarskiptafélög vegna vilja þeirra til að samnýta dreifikerfi. Óskaði leyfishafi eftir því að tímafresturinn yrði framlengdur um 6 mánuði frá þeim tíma að niðurstaða Samkeppniseftirlitsins lægi fyrir.

(8) Með bréfi, dags. 24. júní 2015, vísaði PFS til beiðni leyfishafa og síðari samskipta við hann og lýsti yfir skilningi á málaleitan um frest, en benti á að þann 22. maí á undan hefði Samkeppniseftirlitið lokið málinu með leyfi til samstarfs félaganna tveggja með ákveðnum skilyrðum um aðgengi annarra fjarskiptafélaga að dreifikerfi þeirra. Slíkur aðgangur gæti hugsanlega verið valkostur fyrir leyfishafa. Í bréfinu lýsti PFS því yfir að það myndi ekki aðhafast frekar að svo stöddu vegna vanefnda leyfishafa við uppbyggingu á dreifikerfi. PFS lýsti því hins vegar yfir að ef leyfishafi hefði ekki náð lágmarksútbreiðslu þann 1. desember 2015 mætti leyfishafi eiga von á að PFS gripi til ráðstafana.

(9) Eins og fram kemur í bréfi PFS til leyfishafa, dags. 17. desember 2015, hafði leyfishafi á fundi með PFS þann 10. desember 2015 lýst því yfir að það væri búið að byggja upp farnet á Akureyri sem næði til 10% landsmanna þó væri ekki ennþá farið að veita þjónustu á kerfinu. Í bréfinu áréttar PFS að notkun tíðna skv. tíðniheimildinni skuli vera skilvirk. Þá segir í bréfinu:

*"Þó svo að kerfið sé byggt upp með þeim hætti að það geti náð útbreiðslu til 10% landsmanna verður því ekki litið svo á að uppfyllt séu skilyrði um uppbyggingu fyrr en þjónusta er hafin á netinu."*

(10) Í lok bréfsins fór PFS fram á við leyfishafa að hann legði fram áætlun um framboð þjónustu fyrir 15. febrúar 2016 og teldi stofnunin áætlunina uppfylla skilyrði um skilvirka nýtingu tíðna skyldi þjónustan hefjast eigi síðar en 1. apríl 2016.

(11) Þann 15. febrúar 2016 barst PFS bréf frá leyfishafa sem ritað var á ensku. Í bréfinu er vísað til bréfs PFS dags. 17. desember 2015. Í bréfinu segir leyfishafi varðandi það að bjóða þjónustu á farnetinu;

*"it is the intent of IMC Ísland ehf. to make best efforts to seek new business within the area of network coverage, despite the fact the license granted was for 2G GSM technology"*

*which greatly restricts the applications and competitive service we are able to offer since it is rapidly becoming out dated."*

(12) Síðar í bréfinu telur leyfishafi upp í 6 liðum þau atriði sem ætlunin sé að gera til að mæta kröfum tíðniheimildarinnar um þjónustu og þar með fullnægja skilyrðinu um skilvirka notkun og yrði þessu komið í framkvæmd á næstu mánuðum. Í lok bréfsins er minnst á sem mikilvægan þátt að leyfishafi væri að leita að fjárfesti til að koma að því að stækka fyrirtækið og gera því kleift að taka þátt í uppboðum á tíðni fyrir 4G þjónustu. Myndi LTE 4G netkerfi gefa leyfishafa tækifæri til að bjóða þjónustu samkeppnishæfa við aðra farsímarekendur.

(13) Í nóvember 2016 kynnti leyfishafi fyrir PFS nýja áætlun þar sem markmiðið væri að verða leiðandi hér á landi í því að bjóða upp á M2M og IoT þjónustu, áætlunina nefndi leyfishafi "Smart-City". Þá væri fyrirsjáanlegt að annað fyrirtæki kæmi einnig að rekstrinum og yfirgnæfandi líkur væru á því að það fyrirtæki yrði orðinn aðaleigandi leyfishafa á árinu 2017. Án þess að nákvæmlega væri útlistað hvaða þjónustu ætti að veita eða hvaða eftirspurn hún ætti að svara kom fram að leyfishafi stefndi að því að innan næstu 5-10 ára yrðu um 20 tengd tæki á hvern einstakling á hverju markaðssvæði. Þá tók leyfishafi það fram að það væri ekki fýsilegt að markaðssetja þessa þjónustu nema þjónustan gæti náð til alls landsins. Það er skemmst frá því að segja að þessi þjónusta kom aldrei til framkvæmda. Þá varð heldur ekki úr að annað fyrirtæki kæmi að rekstrinum með leyfishafa eða tæki yfir leyfishafa. PFS lýsti því yfir á þessum tíma við leyfishafa að stofnunin væri viljug til að skoða, samhliða þessum áætlunum leyfishafa, dreifsvæði tíðniheimildarinnar, en ekki þurfti til þess að koma.

(14) Þann 27. mars 2017 sendi PFS enn eitt bréfið til leyfishafa varðandi stöðuna á tíðniheimild fyrirtækisins. Í bréfinu er rakið að leyfishafi hafi byggt upp farnet á Akureyri sem hægt væri að veita GSM þjónustu á, en hins vegar væri hvorki verið að veita virka þjónustu á viðkomandi neti né væri fjarskiptaþjónusta á vegum leyfishafa markaðssett eða aðgengileg neytendum. Í bréfinu kemur einnig fram að undir lok árs 2015 hafi leyfishafa verið veittur framlengdur frestur til 1. apríl 2016 til að hefja þjónustu á netinu sem væri neytendum almennt aðgengileg, t.d. með framboði og markaðssetningu á áskriftum. Þrátt fyrir þennan framlengda frest hafi PFS ekki fengið staðfestar upplýsingar um að leyfishafi uppfyllti skilyrði tíðniheimildarinnar um skilvirka nýtingu á því tíðnisviði sem leyfishafi hafði fengið úthlutað. Í bréfinu var tekið fram að leyfishafi hafi á vormánuðum 2016 gert tilraunir til að hefja þjónustu á Akureyri, þ.m.t. með sölu áskrifta, en markaðurinn hefði ekki sýnt því áhuga.

(15) Í bréfi PFS var leyfishafi einnig upplýstur um réttarstöðu hans og vísað til reglugerðar nr. 1047/2011 um skiplag og úthlutun tíðna í fjarskiptum. Var bent á að þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 32. gr. reglugerðarinnar um almenna endurnýjun tíðniheimilda þá myndi PFS í tilfelli leyfishafa líta til skilyrða a.-, c.- og d.- liða í 4. mgr. 32. gr. reglugerðarinnar. Var leyfishafa tilkynnt að með vísan til framangreindra skilyrða og vegna þess að leyfishafi hefði ekki uppfyllt skilyrði tíðniheimildarinnar myndi tíðniheimildin, að öllu óbreyttu, ekki verða endurnýjuð þegar gildistími hennar rynni út 13. febrúar 2022.

(16) Þrátt fyrir að PFS hafi tilkynnt leyfishafa um það hvernig stofnunin liti á vanefndir hans gagnvart skilyrðum tíðniheimildarinnar og hvað fyrirsjáanlegu afleiðingar þær myndu hafa brást leyfishafi ekki við með því að hefja þjónustu í samræmi við skilyrði tíðniheimildarinnar.

(17) Í desember 2019 óskuðu forsvarsmenn leyfishafa eftir fundi með forsvarsmönnum PFS til að ræða stöðu hans. Á þessum fundi lagði leyfishafi ekki fram neinar staðfestingar á því að

hafin væri þjónusta á netkerfinu. Leyfishafi ræddi hins vegar óljósar áætlanir um þjónustu í framtíðinni og möguleika á því að fá úthlutað öðru tíðnisviði. Á þessum fundi ítrekaði PFS það sem hafði verið sett fram í bréfinu 27. mars 2017 til leyfishafa um að miðað við þá stöðu sem væri uppi þá gæti hann ekki búist við því að tíðniheimildin yrði endurnýjuð þegar gildistími hennar rynni út 13. febrúar 2022.

## 2.

### **Yfirlit málsmeðferðar vegna stjórnarsýslumálsins sem hófst í október 2020**

(18) Haustið 2020 hafði PFS ekki orðið kunnugt um að breytingar hefðu orðið frá þeirri stöðu sem var uppi þegar bréf stofnunarinnar frá 17. mars 2017 var ritað, þ.e. að leyfishafi hafði enn ekki boðið upp á GSM farsímaþjónustu hér á landi né heldur hafði hann gert aðrar nauðsynlegar ráðstafanir til hefja skilvirka notkun á tíðninni í framhaldi af fyrrnefndu bréfi PFS eða fundinum í desember 2019.

(19) Þrátt fyrir að PFS væri kunnugt um vanefndir leyfishafa á skilyrðum tíðniheimildarinnar og hafði ítrekað tilkynnt honum um það álit sitt taldi PFS rétt, áður en gripið yrði til hugsanlegra vanefndarúrræða á grundvelli ákvæða tíðniheimildarinnar og ákvæði 73. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003, að gefa leyfishafa tækifæri til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

(20) Bréf þessa efnis, dags. 13. október 2020, var sent leyfishafa sem hann svaraði með bréfi á ensku dags. 20. nóvember 2020. Að mati PFS var svarbréf leyfishafa afar takmarkað og þá sérstaklega hvað varðaði ástæður þess að leyfishafi hafði ekki staðið við skilyrði tíðniheimildarinnar. Þá sérstaklega í ljósi þess að í svarbréfinu lagði leyfishafi fram ný drög að uppbyggingaráætlun án þess að fjalla um það sérstaklega hvernig sú áætlun væri líklegri til þess að koma til framkvæmdar en þær fyrri sem lagðar höfðu verið fram.

(21) PFS sendi því nýtt bréf til leyfishafa dags. 17. desember 2020 sem leyfishafi svaraði með tveimur bréfum, einu frá lögmanni leyfishafa á íslensku, dags. 11. janúar 2021, og öðru frá fyrirsvarsmanni leyfishafa, dags. 7. janúar 2021, það bréf var þýtt á íslensku fyrir afhendingu að beiðni PFS.

(22) Í bréfi fyrirsvarsmanns leyfishafa dags. 20. nóvember 2020 hafði komið fram að leyfishafi væri að vinna að og leggja lokahönd á endanlega uppbyggingaráætlun sem hægt væri að kynna fyrir PFS í janúar 2021. Þar sem PFS hafði ekki fengið uppbyggingaráætlunina eða haft hafði verið samband við PFS vegna hennar í byrjun febrúar 2021 ákvað PFS að óska eftir því með bréfi, dags. 9. febrúar 2021, að leyfishafi afhenti PFS hina endanlegu uppbyggingaráætlun í síðasta lagi 12. febrúar s.á.

(23) Þann 12. febrúar 2021 bárust PFS tvö svarbréf vegna beiðninnar dagsett sama dag, annað á ensku frá fyrirsvarsmanni leyfishafa og hitt frá lögmanni leyfishafa. Leyfishafi framvísaði ekki hinna endanlegu uppbyggingaráætlun eins og óskað var eftir og bar fyrir sig ýmis atriði í þessum tveimur bréfum.

(24) Í bréfi fyrirsvarsmanns leyfishafa var ítrekuð ósk um að fá að eiga fund með fulltrúum PFS og þann 26. febrúar barst tölvupóstur frá lögmanni leyfishafa þar sem óskað var eftir fundi vegna þeirra mála sem væru til meðferðar hjá PFS. Þann 2. mars sl. samþykkti PFS í tölvupósti til lögmannsins að halda fund með fulltrúum leyfishafa. Þó vegna stefnu PFS vegna aðstæðna í þjóðfélaginu vegna COVID-19 yrði fundurinn að vera fjarfundur og þá vegna hugsanlegrar

Þýðingar fundarins fyrir rekstur stjórnsýslumálanna yrði fundurinn að vera á íslensku og forsvarsmenn leyfishafa því beðnir um að hafa á sínum vegum viðurkenndan túlk til að svo gæti orðið. Þá var einnig óskað eftir að leyfishafi legði fram lista yfir fundarefni og lista yfir þau gögn sem óskað væri eftir að rædd yrðu ef það ætti við.

(25) Þann 3. mars sl. barst tölvupóstur frá lögmanni leyfishafa þar sem krafist var rökstuðnings fyrir þeirri ákvörðun að fundurinn færi fram á íslensku. Rökstuðningur PFS fyrir ákvörðuninni var sendur með tölvupósti þann 5. mars sl. til lögmanns leyfishafa. Þann 9. mars sl. barst tölvupóstur frá lögmanni leyfishafa þar fram kom að umbjóðandi hans myndi una við þá ákvörðun að fundurinn færi fram á íslensku og útvega túlk.

(26) Þann 9. mars lagði PFS til fundartíma mánudaginn 22. mars kl. 14:00 en þegar ekki hafði borist svar við þeirri tillögu þann 11. mars lagði PFS til nýja fundartíma, þriðjudaginn 23. mars sl. kl. 14:00, sem leyfishafi samþykkti samdægurs. Þegar PFS leitaði eftir upplýsingum hjá leyfishafa, eftir hádegi daginn fyrir fundinn, hvaða túlkur hefði verið fenginn til verksins barst tölvupóstur frá lögmanni leyfishafa síðar sama dag þar sem fram kom að leyfishafi hefði ekki náð að útvega túlk. Í póstinum kom einnig fram að leyfishafi vildi ekki lengur una við þá ákvörðun að fundurinn færi fram á íslensku og krafðist þess að fundurinn færi fram á ensku og þá lýsti leyfishafi því yfir að fulltrúi bandaríska sendiráðsins myndi mæta með honum á fundinn. Þá mátti sjá að lögmaðurinn sendi afrit af tölvupóstinum til bandaríska sendiráðsins.

(27) Með tölvupósti PFS þann 22. mars var fundinum frestað með vísan til þess að leyfishafa hefði ekki tekist að afla sér túlks. Jafnframt var tekið fram að leyfishafi hefði fyrst daginn fyrir fundinn upplýst PFS um þetta og ekki leitað liðsinnis PFS til að ráða bót á þessu. Þá hafnaði PFS því að bandaríska sendiráðið tæki þátt í fundi stofnunarinnar með leyfishafa. Óskir um aðkomu sendiráðsins að málinu þyrfti að beina til utanríkisráðuneytisins.

(28) Umræddan fund átti að halda að beiðni leyfishafa og taldi PFS rétt að verða við þeirri beiðni þó PFS teldi ekki, vegna vinnslu stjórnsýslumálanna, að þörf væri á slíkum fundi. Vegna þessa hefur vinnsla þessa máls haldið áfram, þrátt fyrir frestun fundarins, í samræmi við það sem PFS lýsti yfir í tölvupóstinum til lögmanns leyfishafa, þann 22. mars sl., þegar óskað var upplýsinga um hvað túlk leyfishafi hefði fengið vegna fundarins.

(29) Í ljósi þess langa tíma sem staðfestar vanefndir leyfishafa hafa staðið og málavaxta að öðru leyti er það mat PFS að ekki sé þörf á frekari upplýsingaöflun vegna þessa máls sem hér er til meðferðar.

### 3.

#### Nánar um efni bréfaskrifta við leyfishafa

##### 3.1.

(30) Upphaf þessa stjórnsýslumáls má rekja til bréfs PFS dags. 13. október 2020 til leyfishafa þar sem honum var tilkynnt um fyrirhugaða afturköllun tíðniheimildar félagsins. Í bréfinu kom fram að PFS væri ekki kunnugt um að breytingar hefðu orðið á þeirri stöðu sem var uppi þegar bréf PFS til leyfishafa, dags. 27. mars 2017, var ritað.

(31) Í bréfi PFS frá 27. mars 2017 var það rakið að leyfishafi hefði byggt upp farnet á Akureyri en ekki væri verið að veita virka þjónustu á viðkomandi neti né væri fjarskiptaþjónusta á vegum leyfishafa markaðssett eða aðgengileg neytendum. Í bréfinu var einnig tekið fram að þrátt fyrir

framlengdan frest til 1. apríl 2016 til að hefja þjónustu á netinu hafi PFS ekki fengið staðfestar upplýsingar um að leyfishafi uppfyllti skilyrði tíðniheimildarinnar um skilvirka nýtingu á því tíðnisviði sem leyfishafi hafði fengið úthlutað.

(32) Þá benti PFS á í bréfi sínu þann 13. október 2020 að leyfishafi hefði ekki skilað PFS uppbyggingaráætlun svo sem áskilið væri í tíðniheimildinni né heldur hefði leyfishafi tilkynnt jafnóðum til PFS til hvaða svæða GSM farsímaþjónusta hans næði, eins og áskilið væri í tíðniheimildinni. Því taldi PFS það að fullu ljóst að leyfishafi hafi ekki uppfyllt kröfuna um skilvirka nýtingu tíðninnar, eins og áskilið væri í tíðniheimildinni.

(33) Þá tók PFS fram í bréfi sínu að leyfishafi hefði aldrei leitast við að upplýsa PFS um ástæður þess að hann hafi ekki staðið við skilyrði tíðniheimildarinnar. PFS lyti því svo á, að svo stöddu, að engar réttlætanager ástæður að lögum lægju þar að baki.

(34) Var leyfishafa gefinn frestur til 13. nóvember 2020 til að koma skoðun sinni á framfæri varðandi hina fyrirhuguðu afturköllun.

(35) Bréf PFS þann 13. október 2020 var eitt þriggja bréfa sem PFS sendi leyfishafa í október 2020 vegna starfsemi hans, hin bréfin voru vegna annarra þátta tengdum rekstri leyfishafa sem til meðferðar voru. Þann 26. október 2020 óskaði lögmaður leyfishafa eftir lengri fresti til að svara öllum bréfunum og veitti PFS frest vegna allra bréfanna til 23. nóvember 2020.

(36) Þann 23. nóvember 2020 barst PFS svarbréf leyfishafa dagsett 20. nóvember 2020. Hafði leyfishafi þann háttinn á að hann svaraði öllum þremur bréfum PFS með einu bréfi og viðhengjum og þá var bréfið ekki á íslensku heldur ensku. Svör leyfishafa er vörðuðu tíðniheimildina eru í upphafi og lok svarbréfsins.

(37) Vísaði leyfishafi til þess að það væri skilningur hans í framhaldi af fundi með PFS þann 9. desember 2019 að hann hefði tækifæri til þess að innleiða uppbyggingaráætlun sína a.m.k. til þess tíma að tíðniheimildin rynni út í febrúar 2022.

(38) Þá vísaði leyfishafi til þess að hann hefði yfir þau mörgu ár sem hann hefði verið á Íslandi mætt ýmsum hindrunum við að ná stöðu á íslenska fjarskiptamarkaðnum, bæði fjárhagslegar og tæknilegar. Fór leyfishafi ekki nánar út í þessi atriði í bréfinu.

(39) Þá kvaðst leyfishafi ætla að framvísa PFS ítarlegu og nákvæmu yfirliti yfir þau atriði sem fjallað væri um í lok bréfsins varðandi, fjárfestingar, innviði og tæknilegar framfarir í kjarnakerfum leyfishafa sem myndi nýtast á fjarskiptamarkaðnum á Íslandi.

(40) Í lok bréfsins fór leyfishafi að fjalla stuttlega um nýja uppbyggingaráætlun og skýringarmynd sem fylgdi umfjölluninni. Tók leyfishafi fram að skýringarmyndin væri aðeins eitt dæmi um möguleika leyfishafa og skýringarmyndin gæti því verið frábrugðin endanlegri uppbyggingaráætlun. Í umfjöllun leyfishafa er því haldið fram að kerfið geti þjónustað 2G, 3G og 4G þjónustu. Þá er það tekið fram að 4G lausnin gæti orðið að 5G lausn í framtíðinni.

### 3.2.

(41) Í svarbréfi sínu frá 20. nóvember 2020 fjallaði leyfishafi ekkert um skilyrðið um „*skilvirka nýtingu*“ tíðninnar svo sem kveðið er á um í 2. mgr. 2. gr. tíðniheimildarinnar né var því álitni PFS andmælt að ekki væri verið að nota tíðnina með skilvirkum hætti. Þá fjallaði leyfishafi ekki

um það hvers vegna nýtingin væri ekki skilvirk né heldur hvort og þá hvenær til staði að skilvirk nýting hæfist.

(42) Í svarbréfi leyfishafa hefði einnig verið lögð fram mynd af uppbyggingu kerfis og því haldið fram að kerfið gæti þjónustað 2G, 3G og 4G þjónustu og tekið fram að 4G lausnin gæti orðið að 5G lausn í framtíðinni.

(43) Að virtum reglum stjórnslulaga nr. 37/1993 um fullnægjandi rannsókn og meðalhóf í störfum sínum ákvað PFS að senda leyfishafa annað bréf þann 17. desember 2020. Í bréfinu var vísað til þess að leyfishafi hefði ekki andmælt því áliti PFS að hann væri ekki að nýta tíðnina með skilvirkum hætti og þá hafði réttshafi ekki heldur gefið á því ástæður eins og óskað var. Þá, vegna hinna nýju draga að uppbyggingaráætlun, benti PFS á í bréfi sínu að á undanförunum 8 árum hefði leyfishafi ekki komið á laggirnar þeim rekstri sem til stóð og tíðniheimildin gerði skilyrði um. Þá hefðu áður framlagðar uppbyggingaráætlanir leyfishafa ekki orðið að veruleika.

(44) Í bréfinu sagði síðan:

*„Við mat á því hvort nýjustu drög að uppbyggingu kerfis IMC séu trúverðug eða ekki er mikilvægt að líta til þess sem átt hefur sér stað sl. Átta ár, þess stutta tíma sem eftir er af gildistíma tíðniheimildarinnar, hvaða þjónustu mögulegt er að veita á því tíðnisviði sem hún nær til sem og takmarkaðs útbreiðslusvæðis hér á landi.*

*Það er mat PFS að það takmarkaða tíðnisvið og útbreiðslusvæði sem IMC hefur haft úthlutað muni ekki eitt og sér geta stutt við þau drög að þjónustu sem IMC hefur nú lagt fram og kveðst mögulega ætla að veita í framtíðinni. Bendir PFS t.d. á að vegna óhagkvæmni í notkun tíðnisviðsins með þeim hætti sem IMC áformar hefur slík notkun ekki tíðkast hér á landi.“*

(45) Þá tók PFS einnig fram:

*„Þrátt fyrir að eðlilegt hefði verið að IMC fjallaði í svarbréfi sínu um starfsemi sína sl. 8 ár hvað varðar nýtingu tíðninnar og farsímaþjónustu tengda henni og af hverju tíðnin sé ekki nýtt í dag til að flytja umferð viðskiptavina, þá var það ekki gert. Hugsanlega var hér um mistök að ræða hjá IMC.*

*Vegna þessa ítrekar PFS að telji IMC það eiga sér málsbætur sem rétt sé að PFS taki til skoðunar við mat á hugsanlegri afturköllun tíðniheimildarinnar þá varðandi það hvernig IMC hafi reynt að fullnægja skilyrðum tíðniheimildarinnar og hvers vegna það hefði ekki gengið eftir síðast liðin 8 ár er IMC hér með gefinn viðbótar frestur til að koma þeim á framfæri.“*

(46) Var leyfishafa gefinn frestur til 11. janúar 2021 til að svara erindinu.

(47) Leyfishafi svaraði erindinu með tveimur bréfum sem bárust PFS þann 11. janúar 2021. Annað bréfið var frá fyrirsvarsmanni leyfishafa, dags. 7. janúar 2021, þýtt á íslensku að beiðni PFS og hitt bréfið var frá lögmanni leyfishafa dags. 11. Janúar 2021. janúar 2021 þar sem fjallað var meira um lagalega hlið málsins.

(48) PFS hafði einnig sent leyfishafa bréf þann 7. desember 2020 vegna annars þáttar sem var einnig til meðferðar og hafði leyfishafi sama háttinn á og áður og svaraði báðum þessum bréfum

PFS í bréfunum sem bárust PFS þann 11. janúar 2021, eftir að hafa óskað eftir viðbótarfresti vegna fyrra bréfsins.

### 3.3.

(49) Hér á eftir verður það helsta rakið sem fram kom í svarbréfi fyrirsvaramanns leyfishafa.

*Söguleg yfirferð í bréfinu.*

(50) Í bréfi forsvarsmanns leyfishafa er rakin saga félagsins allt frá árinu 2000 fram til 2010-2012 og síðan eftir að félagið fékk núverandi tíðniheimild, eftir samningaviðræður við PFS, sem var eins konar endurnýjun á eldri tíðniheimild sem félagið hafði fengið árið 2000. Er þetta rakið nánar í forsögu hér að framan.

(51) Leyfishafi kveðst á árinu 2008 í samvinnu við aðra hafið að byggja upp Alterna 2G net á Íslandi. Áætlunin reiddi sig á aðgengi að kerfum annarra fjarskiptafyrirtækja hér á landi þar sem ekki var hægt að nota tíðnir leyfishafa á Suðurlandi og úthlutanir á tíðnum leyfishafa voru of litlar til að geta byggt upp hagkvæm viðskipti. Á árinu 2009 var þjónustu hleypt af stokkunum á grundvelli reikisamnings við Símann hf.

(52) Leyfishafi kveðst þegar á árinu 2012 hafa átt í vandamálum með samkeppni við 4G tilboð frá öðrum fjarskiptafélögum sem leyfishafi hafi ekki getað ráðið við, sem endaði með því að leyfishafi seldi viðskiptagrunn sinn í Alterna til Hringdu árið 2017.

(53) Leyfishafi kveðst hafa talið núverandi tíðniheimild mun hagstæðari en upphaflegt tilboð PFS um tíðniheimild hafi verið og því hafi félagið samþykkt hana.

(54) Þá kemur fram að leyfishafi hafi fengið það staðfest hjá PFS að hann gæti fullnægt skilyrði tíðniheimildarinnar um þekju (ná til 10% íbúa svæðisins) með því að ná til Eyjafjarðarsvæðisins. Um hitt skilyrðið segir leyfishafi að það hafi verið að „*leggja fram skýrslu sem innihélt tímasetta áætlun um framkvæmd uppbyggingarinnar á netkerfi.*“ sem leyfishafi hafi gert og PFS gefið lágstemmt svar við, en almennt hafi verið stuðningur við framtakið.

(55) Á árunum 2012-2016 einbeitti leyfishafi sér að M2M/IoT þjónustu utan Íslands og seint á árinu 2016 var ætlun leyfishafa að koma slíkri þjónustu í gang á Íslandi, sem leyfishafi nefndi „Smart-City/IoT“ Nánar er um þetta fjallað í forsögu hér að framan.

(56) Leyfishafi segir PFS snemma árs 2015 hafa spurst fyrir um framgang mála við að uppbyggingu kerfis og gefið leyfishafa frest til 1. desember 2015 til þess. Kveðst leyfishafi hafa staðið við að koma sendum í gang en eftir hefði verið að fá borgandi „notendur“ og nota þannig tíðnisviðið. Eftir á að hyggja kveðst leyfishafi gert sér grein fyrir að það væri auðveldara að segja en að framkvæma.

(57) Leyfishafi segir að tíðniheimildin hafi aðeins verið um 2G tíðni og það gæti aðeins sinnt viðskiptaáætlun frá árinu 2000. Á árinu 2016 átti leyfishafi í samkeppni á Akureyri við þrjú fyrirtæki sem buðu ekki aðeins 3G heldur einnig 4G þjónustu. Vegna takmarkaðrar bandbreiddar samkvæmt tíðniheimildinni var útilokað fyrir leyfishafa að bjóða upp á 3G eða 4G þjónustu. Þá voru tilraunir leyfishafa til að fá aukna bandvídd á 1800 MHz tíðnisviðinu árangurslausar.



(58) Í desember 2019 á fundinum með PFS ræddi leyfishafi vilja sinn til að fá úthlutun á 3,5 GHz tíðnisviðinu. Þá kveðst leyfishafi hafa verið með þann skilning að til að leyfið fengist endurnýjað þyrfti staðbundin starfsemi að vera að minnsta kosti á leiðinni að vera viðskiptalega lífvænleg áður en leyfið gengi úr gildi.

(59) Leyfishafi segir móðufélag leyfishafa vera að fjárfesta í grunnkerfum sem nýtist fyrir nýrri kerfi en núverandi 2G tíðniheimild leyfishafa getur sinnt. Telur leyfishafi þetta henta vel til notkunar á Íslandi þar sem notuð er 3,5 GHz bandbreidd til að byggja upp staðbundna þráðlausa þjónustu.

(60) Leyfishafi kveðst aldrei hafa haft ábata af tíðnisviði sínu eða þekjusvæði sem nauðsynlegt er til að ná árangri á Íslandi. Þrátt fyrir þetta hafi leyfishafi byggt upp margra kynslóða hákjaranet og hnattrænar tengingar. Leyfishafi kveðst ekki án 3,6 GHz tíðnisviðs geta boðið upp á þá möguleika sem það hafi á Íslandi. Þá óskar leyfishafi eftir stuðningi PFS við að knýja tiltekið fjarskiptafyrirtæki til að gefa leyfishafa aðgang að 4G neti þess og að PFS viðurkenni að fjalla þarf bæði um kerfi „notenda“ og „viðskipta“ og kveðst leyfishafi í betri aðstöðu til að vina með hinu síðarnefnda.

*Svör við tilteknum atriðum í bréfi PFS, dags. 17. desember 2020.*

(61) Varðandi það álit PFS, að leyfishafi hafi ekki uppfyllt kröfuna um skilvirka nýtingu tíðninnar eins og áskilið er í tíðniheimildinni og sé í raun ekki að nota tíðnisviðið og þar af leiðandi ekki að veita fjarskiptaþjónustu sem krefjist þess að leyfishafi hafi yfir að ráða tíðnisviði, kveður leyfishafi það ógerlegt að nýta úthlutað tíðnisvið á hagkvæman hátt.

(62) Kveður leyfishafi ástæðuna vera þá að 2x3,4 MHz tíðnisvið sé ekki nægilega stór blokk til að vera viðskiptalega hagkvæm. Tekur leyfishafi sem dæmi að ekki sé hægt að streyma myndböndum á henni og úthlutunin sé of lítil fyrir annað en 2G raddsímtöl, SMS og aðrar samsafnaðar sýndarþjónustur. Í háþrúðu umhverfi eins og á Íslandi geti leyfishafi ekki einu sinni afhent ókeypis þá þjónustu sem hann geti veitt með þeim takmörkunum sem honum séu settar. Kveðst leyfishafi hafa fullnægjandi kjarnaeyningar til að nota þessi kerfi.

(63) Kveðst leyfishafi hafa óskað eftir því við PFS að fá viðbótarúthlutun þ.m.t. fyrir Suðvesturland en það ekki tekist þar sem ekkert er tiltækt.

(64) Varðandi það álit PFS að engar réttlætanlegar ástæður að lögum hafi verið lagðar fram fyrir því að tíðnisviðið hefði ekki verið nýtt á skilvirkan hátt og að leyfishafi hafi aldrei leitast við að upplýsa PFS um ástæður þess að hann uppfyllti ekki skilyrði tíðniheimildarinnar. Þá kveðst leyfishafi ávallt hafa verið í reglufylgni við kröfur um þekju. Þá kveðst hann ekki vita um nein af þeim hlutlægu, viðskiptalegu viðmiðunum sem tilgreind eru sem hann uppfylli ekki.

(65) Þessu til viðbótar kveðst leyfishafi hafa lagt hart að sér að upplýsa PFS um starfsemi hans og vandamál. Mikið af því hafi verið gert á formlegum fundum með PFS.

(66) Varðandi áætlun um þróun kerfisins sem væri háð samþykki PFS, sbr. 2. gr. tíðniheimildarinnar, kveðst leyfishafi hafa lagt fram áætlun sem hafi verið samþykkt. Vegna staðbundinna skilyrða hafi framkvæmdin verið erfileikum bundin, þrátt fyrir að tveir forstjórar hafi verið ráðnir til að framkvæma hana. Kveðst leyfishafi hafa lagt fram nýja áætlun fyrir PFS árið 2015 og tækniröfur þær sem þar greindi hefðu verið uppfylltar skömmu síðar.

(67) Leyfishafi heldur því fram að innlent regluverk hafi verið orsökina fyrir skorti þeirra. Leyfishafi hafi ávallt rætt við PFS um kerfi þar sem hægt væri að færa til tíðni frá fyrri kynslóðum netkerfa til að gefa kost á frumkvöðlastarfsemi án tillits til úreltra staðla 3GPPP kynslóða.

(68) Í bréfi PFS til leyfishafa var tekið fram að ekki hafi verið skýrt nánar hvernig drög að uppbyggingaráætluninni gætu orðið öðruvísi en endanlega uppbygging. Í svarbréfi leyfishafa fer hann tæknilega en stuttlega yfir hugsanlegt kerfi en af svarinu má ráða að þessi áætlun byggji á því að leyfishafi hafi aðgang að 4G netkerfi hér á landi (sem hann hefur ekki) og fái úthlutun úr 3,6 GHz tíðnisviðinu sem hefur verið úthlutað hér á landi fyrir 5G.

#### 3.4.

(69) Þann 9. febrúar 2021 sendi PFS bréf til leyfishafa vegna endanlegrar uppbyggingaráætlunar félagsins. Í bréfinu var vísað til svarbréfs leyfishafa dags. 20. nóvember 2020 þar sem lögð var fram skýringarmynd að uppbyggingu þó að í bréfinu segði að endanlega uppbygging gæti orðið önnur.

(70) Þá vísað PFS til þess að einnig hefði komið fram í bréfinu að leyfishafi hefði óskað eftir því að kynna PFS endanlega uppbyggingaráætlun í síðustu viku janúarmánaðar 2021.

(71) Þá sagði í bréfi PFS:

*„Í ljósi þessa er það skilningur PFS að IMC hafi þegar umrætt svarbréf var ritað verið að vinna að og leggja lokahönd á endanlega uppbyggingaráætlun sem hægt væri að kynna fyrir PFS í janúar sl. Þar sem PFS hefur ekki fengið uppbyggingaráætlunina eða haft hefur verið samband við PFS vegna hennar óskar PFS eftir því að IMC afhendi PFS hina endanlegu uppbyggingaráætlun.“*

(72) Var leyfishafa gefinn frestur til 12. febrúar 2021 til að afhenda uppbyggingaráætlunina.

(73) Leyfishafi svaraði erindinu með tveimur bréfum sem bárust PFS þann 12. febrúar 2021 og voru dagsett sama dag. Annað bréfið var frá fyrirvarsmanni leyfishafa á ensku og hitt bréfið var frá lögmanni leyfishafa.

(74) Með bréfi fyrirvarsmanni leyfishafa fylgdi ekki umrædd endanleg uppbyggingaráætlun. Bar leyfishafi fyrir sig að tvö bréf PFS í desember 2020 (annað bréfið varðaði notkun leyfishafa á úthlutaðum símanúmerum) hefðu haft áhrif á endanlega áætlun og til viðbótar væru breytingar í leiðbeiningum og lögum sem hefðu áhrif á endanlega uppbyggingaráætlun án þess að þetta væri skýrt nánar í bréfinu.

(75) Leyfishafi hefði enn ekki fengið svör og leiðbeiningar við atriðum í bréfi sínu frá 7. janúar þar sem lagðar voru fram ýmsar spurningar um ýmis atriði þ.m.t. lagalega atriði. Í bréfinu taldi leyfishafi upp nokkur atriði er hann biði enn eftir svörum PFS við. Þessi atriði vörðuðu t.d. aðgengi að 5G tíðnisviði og 4G netkerfi annars fjarskiptakerfis. Þá tiltók leyfishafi atriði varðandi reglur um símanúmer nr. 590/2015 gildissvið þeirra og lagalegt gildi þeirra. Ekkert þessara atriða varðaði það mál sem hér er til meðferðar, þ.e. tíðniheimildina og skilyrði hennar.

(76) Leyfishafi setur síðan í fyrirspurnarform hvort úthlutað tíðnisvið hans, 2x3,4 MHz, sé nægilega stór blokk til að geta verið viðskiptalega hagkvæm. Leyfishafi svarar því sjálfur að

hún sé það ekki og þess vegna hafi honum reynst ómögulegt að gera það nýtanlegt. Þá nefnir hann að nútíma farsímar geti ekki starfað með góðum hætti á 2G tíðnisviði leyfishafa.

(77) Í lok bréfsins ítrekar leyfishafi það sem áður hafi komið fram í hans málflutningi. Þá telur leyfishafi að PFS hafi skapað óvissu sem hafi hann skaðast af og komið í veg fyrir öflun viðskiptavina.

(78) Þrátt fyrir þetta kveðst leyfishafi hafa gert samkomulag (MoU) í janúar 2021 við félag skráð í Hafnarfirði þar sem leyfishafi skyldi útvega fjarskiptaþjónustu. Samkomulagið var sagt kveða á um að leyfishafi og viðkomandi félag myndu í fyrstu vinna saman að verkefnum og gera tilraunir og ef það tækist vel yrði framhald á viðskiptum.

(79) Ekkert var tekið fram um það að í bréfinu að núverandi 2G tíðniheimild leyfishafa gæti ekki nýst til verkefnisins. Það er athyglisvert í ljósi þess að leyfishafi lagði þann 23. mars 2021 fram beiðni hjá PFS um úthlutun á 5G tíðnisviði á 3,6 GHz tíðnibandinu. Í beiðninni voru rök leyfishafa fyrir þörf á 5G tíðniheimild, samningurinn (MoU) sem gerður var í janúar 2021 við félagið í Hafnarfirði, þar sem núverandi 2G tíðniheimild fyrirtækisins gæti ekki tryggt nægilega tafarlaus samskipti (low latency) eins og nauðsynlegt væri vegna þess hversu takmörkuð hún er. Með þessu virðist leyfishafi staðfesta það að ekki standi til af hans hálfu að nýta núverandi tíðniheimild í samræmi við skilyrði hennar.

#### 4.

#### Forsendur og niðurstaða

##### 4.1. Almenn um lagaskilyrði

(80) PFS hefur það hlutverk, sbr. c-lið 2. töluliðar 1. mgr. 3. gr. laga nr. 69/2003 um PFS, að ýta undir hagnýta notkun tíðna og númera og viðhafa skilvirka stjórn á notkun þessara gæða. Ljóst má vera að ákvarðanir stofnunarinnar um hagnýtingu tíðnirófsins geta haft áhrif á þróun fjarskiptamarkaðarins, en samkvæmt 3. tölulið áður nefnds ákvæðis hvíla á stofnuninni ákveðnar frumkvæðisskyldur í þeim efnum, m.a. að vinna gegn hindrunum í vegi framboðs á fjarskiptanetum, sbr. a-lið, og hvetja til uppsetningar á þeim, sbr. b-lið. Þá ber stofnunni ávallt að hafa að leiðarljósi í störfum sínum að virk samkeppni ríki á fjarskiptamarkaði, sbr. 2. tölulið fyrnefnds ákvæðis svo og 2. mgr. 1. gr. laga um fjarskipta nr. 81/2003.

(81) Nánar er fjallað um hlutverk og skyldur PFS varðandi skipulag og hagnýtingu tíðnirófsins í 14. gr. fjarskiptalaga, en ákvæði er svohljóðandi:

*"Póst- og fjarskiptastofnun skal í samræmi við alþjóðlega samþykktir þar að lútandi stuðla að sem hagkvæmastri nýtingu tíðnirófsins og að skaðlegar truflanir á viðtöku þráðlausra merkja verði sem minnstar. Stofnunin skal skipuleggja notkun hluta tíðnirófsins, skrá skipulagið og birta það opinberlega, og veita upplýsingar um skipulagið eftir þörfum."*

(82) Í 10. gr. fjarskiptalaga er einnig að finna heimild PFS til að setja skilyrði fyrir notkun tíðna, þar á meðal getur stofnunin sett skilyrði um að notkun tíðna sé *skilvirk*, sbr. b-lið 1. mgr. 10. gr. fjarskiptalaga og ennfremur að efnar séu skuldbindingar sem gengist er undir í útboði, sbr. f-lið 1. mgr. sömu greinar. Með þátttöku í tíðniuppboði samþykkir aðili þá skilmála sem um það gildir og á réttindi og ber skyldur samkvæmt þeim.

(83) Til þess að geta rækt hlutverk sitt samkvæmt framangreindu þarf PFS að hafa svigrúm til að breyta skilyrðum tíðniréttinda og eftir atvikum afturkallað þau ef nauðsyn krefur.

(84) Í 73. gr. fjarskiptalaga er fjallað um úrræði í þeim tilfellum þegar fjarskiptafyrirtæki fara ekki að skilmálum réttinda, svo sem réttinda sem felast í tíðniheimild. Komist PFS að þeirri niðurstöðu að svo sé skal stofnunin tilkynna fyrirtækinu þá niðurstöðu og gefa því tækifæri til að koma skoðun sinni á framfæri eða lagfæra brot sitt innan eins mánaðar frá dagsetningu tilkynningar. Láti fjarskiptafyrirtæki ekki af broti sínu innan settra tímamarka, segir í 3. mgr. að PFS skuli grípa til viðeigandi ráðstafana, skv. 5. mgr. 74. gr. laganna. Þá segir í 5. mgr. 73. gr. laganna að PFS geti m.a. afturkallað réttindi tímabundið eða varanlega.

(85) Í 74. gr. laga um fjarskipti er fjallað um viðurlög brjóti fjarskiptafyrirtæki gegn lögum eða skilyrðum réttinda, en í 5. mgr. ákvæðisins segir:

*„Þegar fjarskiptafyrirtæki fer ekki að ákvæðum laga, skilyrðum almennrar heimildar, skilyrðum sérstakra réttinda eða einstökum ákvörðunum Póst- og fjarskiptastofnunar getur stofnunin ákveðið í samræmi við ákvæði 73. gr. að fella niður skráningu fyrirtækisins, afturkalla réttindi eða bæta við skilyrðum.“*

#### 4.2. Skilmálar tíðniheimildar og ítrekaðar tilkynningar um vanefndir leyfishafa

(86) Tíðniheimild leyfishafa er dagsett 14. febrúar 2012 og kom til vegna endurnýjunar eldri tíðniheimildar leyfishafa frá árinu 2000. Í beiðni leyfishafa haustið 2011 vegna endurnýjunarinnar lýsti leyfishafi því yfir við PFS að hann hefði ekki í hyggju annað en áframhaldandi rekstur GSM þjónustu (2G-2,75G) en óskaði eftir aukinni heimild eða 2x4,5 MHz tíðnisviði.

(87) Í skýrslu PFS vegna samráðsins frá 19. nóvember 2011 kom það fram, eins og rakið er að framan, að uppbygging leyfishafa hafði verið takmörkuð fram til þess tíma og í ljósi meginreglunnar um skilvirka nýtingu tíðna og hugsanlegrar aukinnar eftirspurnar eftir tíðnisviðinu til háhraðaneta taldi PFS óhjákvæmilegt að setja skilmála um lágmarks uppbyggingu og útbreiðslu.

(88) Það var því mat PFS, við úthlutun núverandi tíðniheimildar, að í ljósi reynslunnar af takmarkaðri uppbyggingu leyfishafa að óhjákvæmilegt væri að setja skilmála um lágmarksuppbyggingu og útbreiðslu eins og gert var og rakið er að framan.

(89) Þrátt fyrir yfirlýsinguna í skýrslunni og skilmálana sem settir voru í tíðniheimildina hefur PFS allt frá því árið 2015 samtals fimm sinnum tilkynnt leyfishafa það álit sitt að hann hafi vanefnt skilmála tíðniheimildarinnar.

(90) Fyrst var það gert með bréfi PFS til leyfishafa, dags. 24. júní 2015, rúmum þremur árum eftir útgáfu tíðniheimildarinnar. PFS kvaðst hins vegar ekki að svo stöddu ætla að aðhafast frekar vegna vanefnda leyfishafa. PFS lýsti því hins vegar yfir að ef leyfishafi hefði ekki náð lágmarksútbreiðslu þann 1. desember 2015 mætti leyfishafi eiga von á að PFS gripi til ráðstafana.

(91) Næst var það gert í bréfi PFS til leyfishafa, dags. 17. desember 2015. Í bréfinu áréttaði PFS að notkun tíðna skv. tíðniheimildinni skuli vera skilvirk og sagði orðrétt:

*"Þó svo að kerfið sé byggt upp með þeim hætti að það geti náð útbreiðslu til 10% landsmanna verður því ekki litið svo á að uppfyllt séu skilyrði um uppbyggingu fyrr en þjónusta er hafin á netinu."*

(92) Í lok bréfsins fór PFS fram á við leyfishafa að hann legði fram áætlun um framboð þjónustu fyrir 15. febrúar 2016 og teldi stofnunin áætlunina uppfylla skilyrði um skilvirka nýtingu tíðna skyldi þjónustan hefjast eigi síðar en 1. apríl 2016.

(93) Bréf PFS til leyfishafa, dags. 27. mars 2017, var þriðja skiptið sem PFS tilkynnti það álit sitt að leyfishafi hefði ekki staðið við skilyrði tíðniheimildarinnar. Í bréfinu var það rakið að leyfishafi hafi byggt upp farnet á Akureyri sem hægt væri að veita GSM þjónustu á, en hins vegar væri hvorki verið að veita virka þjónustu á viðkomandi neti né væri fjarskiptþjónusta á vegum leyfishafa markaðssett eða aðgengileg neytendum

(94) Fjórða skiptið sem PFS tilkynnti það álit sitt að leyfishafi hefði ekki staðið við skilyrði tíðniheimildarinnar var á fundi í húsakynnum PFS í desember 2019. Á fundinum sem leyfishafi óskaði eftir með PFS ítrekaði PFS það sem hafði verið sett fram í bréfinu 27. mars 2017 til leyfishafa um að miðað við þá stöðu sem væri uppi varðandi vanefndir leyfishafa þá gæti leyfishafi ekki búist við því að tíðniheimildin yrði endurnýjuð þegar gildistími hennar rynni út 13. febrúar 2022.

(95) Með bréfi PFS til leyfishafa, dags. 13. október 2020, tilkynnti PFS í fimmta skiptið leyfishafa það álit sitt að hann hefði vanefnt skyldur sínar samkvæmt tíðniheimildinni. Með bréfinu var leyfishafa tilkynnt formlega að PFS hefði hafið formlegt stjórnsýslumál vegna vanefndanna sem gætu varðað afturköllun réttindanna. Var leyfishafa gefinn lögbundinn frestur til að koma skoðun sinni á framfæri.

(96) Þrátt fyrir vanefndir sínar og ítrekaðar tilkynningar PFS sl. 6 ár um það álit sitt að leyfishafi hafi brotið gegn skilyrðum tíðniheimildarinnar hefur hann ekki bætt úr vanefndum sínum. Þrátt fyrir vanefndir sínar hefur leyfishafi ekki heldur séð ástæðu til þess að skila tíðniheimildinni inn vegna notkunarleysis.

#### *4.3. Athugasemdir leyfishafa við stjórnsýslumeðferð PFS*

(97) Í bréfum lögmanns leyfishafa eru gerðar athugasemdir við stjórnsýslumeðferð PFS í málinu og því haldið fram að hún standist ekki ákvæði stjórnsýslulaga nr. 37/1993 um fullnægjandi rannsókn og meðalhóf. Er því haldið fram að PFS hafi sett fram frumniðurstöðu í málinu áður en málið hafi í raun verið rannsakað og svipting réttindanna væri ekki í samræmi við meðalhófsregluna því leyfishafa væri ekki gefið tækifæri til að bæta úr því sem miður væri.

(98) PFS hafnar þessum málsástæðum leyfishafa, þar sem þær standist ekki. Er þá litið til þess að leyfishafi hefur aldrei frá því að tíðniheimildin var gefin út í febrúar 2012 fullnægt skilmálum hennar um skilvirka nýtingu. Sama á við þegar litið er til samskipta PFS og leyfishafa öll þessi ár, ítrekaðra tilkynninga PFS um vanefndir leyfishafa, og þann tíma sem leyfishafi hefur haft til að bæta úr vanefndum sínum.

(99) Leyfishafa hlýtur að hafa lengi verið það ljóst að margra ára vanefndir hans á skilmálum tíðniheimildarinnar um skilvirka nýtni úthlutaðrar tíðni gætu hvenær sem er varðað afturköllun tíðniheimildarinnar. Þrátt fyrir þessa staðreynd og þau samskipti sem átt hafa sér stað undanfarin ár og rakin hafa verið hér að fram er því haldið fram í bréfi lögmanns leyfishafa, dags. 11. janúar 2021, að PFS hafi sett fram frumniðurstöðu áður en málið hafi í reynd verið

rannsakað. PFS andmælir þessu og vísar til þess sem segir að framan um bréfaskipti og meðferð stjórnarsýslumálsins.

(100) Hugsanlega hefði PFS getað farið þá leið að setja strax fram frumniðurstöðu vegna þeirrar staðreyndar að PFS taldi sig vera með góða vitneskju um áralangar vanefndir leyfishafa gegn skilyrðum tíðniheimildarinnar um skilvirka notkun tíðninnar þegar bréfið var ritað 13. október 2020. Það er því álitamál hvort nauðsynlegt hafi verið fyrir PFS að fara þá leið að hefja frekari rannsókn eins og gert var.

(101) Þrátt fyrir þessa öruggu vitneskju PFS sem fyrirsvarsmenn leyfishafa staðfesta í svarbréfum sínum ákvað PFS að hefja rannsókn á vanefndum leyfishafa og fá fram ástæður þeirra og komu þar til hugsanlegir hagsmunir leyfishafa og sú grundvallarregla stjórnarsýslunnar að gæta meðalhófs í störfum sínum.

(102) Í svarbréfi leyfishafa 20. nóvember 2020 lagði leyfishafi fram drög að nýrri og hugsanlegri uppbyggingaráætlun þrátt fyrir að aðeins um 14 mánuðir væru þar til tíðniheimildin rynni út. Með skýringarmynd sem fylgdi sagði að hún væri ekki endanleg og uppsetning gæti tekið breytingum. Tók leyfishafi einnig fram að það væri möguleiki á uppsetningu fyrir 2G þjónustu sem og 3G og 4G lausnin yrði gerð tilbúin fyrir 5G þjónustu í framtíðinni.

(103) Meðal annars vegna þessara nýju draga óskaði PFS eftir frekari upplýsingum frá leyfishafa í seinna bréfinu 17. desember sl. um það hvernig leyfishafi hafi reynt að uppfylla skilyrði tíðniheimildarinnar undanfarin ár og hvers vegna það hefði ekki gengið eftir. Því eðlilegt væri m.a. að líta til síðastliðinna ára við mat á trúverðugleika á hinum nýju drögum að uppbyggingu kerfis leyfishafa.

(104) Í framangreindum bréfum PFS var fyrirsögn bréfanna tilkynning um fyrirhugaða afturköllun tíðniheimildar og leyfishafa gefinn kostur á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Ástæða þessa var sú að PFS taldi ekki rétt, í ljósi þess að vanefndir leyfishafa höfðu staðið árum saman án viðurlaga, að láta leyfishafa vera í vafa um það hvers vegna PFS ákvað að fara í það ferli sem hófst með bréfinu 13. október 2020. Með öðrum orðum til að tryggja það að leyfishafi gæti gætt hagsmuna sinna á sem bestan hátt. Í ljósi þessarar nálgunar ákvað PFS, vegna takmarkaðra svara í fyrsta bréfi leyfishafa, að benda leyfishafa á það og óska eftir frekari upplýsingum frá honum til að hægt væri að taka ákvörðun í málinu byggða á sem ítarlegustum upplýsingum.

#### *4.4. Svör við athugasemdum og málsástæður leyfishafa*

(105) Í málinu er það óumdeilt að leyfishafi náði að fullnægja skilyrðinu um lágmarksútbreiðslu í lok ársins 2015, þegar sendar hans á Akureyri náðu til 10% íbúa þess svæðis sem tíðniheimildin nær til. Þá er það einnig óumdeilt að skilyrði tíðniheimildarinnar um skilvirka nýtingu tíðninnar var ekki fullnægt þegar lágmarksútbreiðslu var náð, sbr. bréf PFS til leyfishafa dags. 17. desember 2015. Þá er það óumdeilt að leyfishafi hefur ekki frá því að framangreint bréf var ritað náð að fullnægja skilyrðinu um skilvirka nýtingu tíðninnar.

(106) Mál þetta snýst í raun um það hvort leyfishafi skuli beri ábyrgðina og þurfi að sæta viðeigandi vanefndaúrræðum á því að hafa ekki fullnægt skilyrðum tíðniheimildarinnar um skilvirka nýtingu tíðninnar eða hvort það séu einhver atriði, sem leyfishafi ber ekki ábyrgð á, sem hafa valdið því að leyfishafi hefur ekki fullnægt skilyrðinu um skilvirka nýtingu eins og leyfishafi heldur fram.

#### 4.5. Tilurð tíðniheimildarinnar

(107) Leyfishafi hefur haldið því fram að hann hafi aldrei haft ábata af tíðniheimildinni því hún hafi aðeins verið um 2G tíðni. Vegna takmarkaðrar bandbreiddar (2x3,4 MHz) hafi verið útilokað fyrir leyfishafa að bjóða upp á 3G eða 4G þjónustu eins og leyfishafi hefði þurft að geta gert, þar sem samkeppnisaðilar hans hefðu boðið upp á slíka þjónustu. Þá hafi tilraunir leyfishafa til að fá aukna bandvídd á 1800 MHz tíðnisviðinu reynst árangurslausar.

(108) Í bréfi lögmanns leyfishafa er skuldinni skellt á PFS þar sem segir að það sé með ólíkindum að stjórnvald sem hafi það lögbundna hlutverk að efla samkeppni á fjarskiptamörkuðum skuli gefa út tíðniheimild með þeim annmörkum og vandkvæðum sem leyfishafi hafi margsinnis kvartað yfir. Þá segi einnig að PFS hafi úthlutað leyfishafa svo þröngu tíðnisviði að það er nánast ónothæft til annars en að veita 2G talþjónustu og SMS þjónustu. Mátti PFS sem sérfróðu stjórnvaldi á sviði fjarskipta- og tíðnimála og samkeppni á fjarskiptamarkaði vera ljóst að leyfishafi hefði verið úthlutað tíðniheimild sem gerði leyfishafa ógerlegt að veita samkeppnishæfa þjónustu og þar með ná skilyrðum leyfisins um skilvirkni.

(109) PFS hafnar þessum málflutningi leyfishafa sem fráleitum enda hafi leyfishafi einungis óskað eftir 2G tíðniheimild þegar tíðniheimildin var gefin út. Vísar PFS til samráðsins sem fram fór árið 2011 vegna endurnýjunar á tíðniheimild leyfishafa og því sem leyfishafi lýsti þar yfir um framtíðaráform sín, sbr. skýrslu PFS frá 19. nóvember 2011. Í henni kemur fram að leyfishafi hafi lýst því yfir við PFS að hann hefði ekki í hyggju annað en áframhaldandi rekstur GSM þjónustu (2G-2,75G) en óskaði eftir aukinni heimild eða 2x4,5 MHz tíðnisviði, sem reyndar hefði heldur ekki verið nægjanlegt til að veita 3G eða 4G þjónustu hafi óupplýst framtíðaráform leyfishafa á þeim tíma staðið til þess.

(110) Þá kemur fram í svarbréfi fyrirsvarsmanns leyfishafa, dags. 7. janúar 2021, að leyfishafi kveðst hafa hafnað upphaflegri tillögu PFS um tíðniúthlutun. Eftir samningaviðræður hafi niðurstaðan verið núverandi tíðniheimild sem leyfishafi taldi hagstæðari en upphaflega tillaga PFS og því hafi leyfishafi samþykkt hana.

(111) PFS sem stjórnvald hafði engar forsendur til þess að gera athugasemdir við beiðni leyfishafa um úthlutun á 2G tíðnisviði sem PFS gerði eðlilega ráð fyrir að væru byggðar á viðskiptalegum áætlunum leyfishafa. Leyfishafi hafði á þessum tíma verið með starfsemi hér landi í yfir áratug og því mátti PFS gera ráð fyrir að hann þekkti til möguleikanna á fjarskiptamarkaði hér á landi og til þeirrar tækni sem væri til staðar og væri nýtanleg á þeim markaði á þeim tíma og í nánustu framtíð.

#### 4.6. Breyting á tæknilegum skilyrðum eða tíðnisviði frá því sem tíðniheimildin kvað á um.

(112) Leyfishafi ýjar að því, án þess að skýra það nánar, að tæknileg skilyrði tíðniheimildarinnar hefðu takmarkað nýtingarmöguleika hans á tíðnisviðinu. Þessu hafnar PFS þar sem það standist ekki. Í fyrsta lagi hafi leyfishafi aldrei óskað breytinga á tæknilegum skilyrðum tíðniheimildarinnar og í öðru lagi þá tíðkist ekki að nýta svo takmarkað tíðnisvið fyrir annars konar tækni en 2G, t.d. 3G eða 4G, vegna óhagkvæmni. Vegna þessa hafi breyting á tæknilegum skilyrðum tíðniheimildarinnar aldrei verið raunhæfur kostur fyrir leyfishafa eins og PFS benti á í bréfi sínu til leyfishafa, dags. 17. desember 2020.

(113) Leyfishafi heldur því fram að hann hafi ítrekað óskað eftir því við PFS að fá úthlutun eða breytingu á tíðnisviði sem nýttist betur í samkeppni við önnur fjarskiptafyrirtæki hér á landi, en PFS hafi ekki orðið við þeim óskum.

(114) PFS hafnar þessum málflutningi leyfishafa þar sem hann fái ekki staðist. Leyfishafa hljóti að vera ljóst að stjórnvöld stundi ekki tilviljanakennda úthlutun á fjarskiptatíðnum. Úthlutun eftirsótttra og takmarkaðra gæða eins og fjarskiptatíðna fer fram eftir ákveðnum leikreglum sem hagaðilum eru gerðar kunnar og þeir geta lagt fram umsagnir um kjósi þeir svo.

(115) PFS bendir á að á árunum 2013 og 2017 hafi farið fram úthlutun á 4G tíðnum til fjarskiptafyrirtækja hér á landi. Í hvorugt skiptið óskaði leyfishafi eftir úthlutun á 4G tíðni. Það má benda á í þessu sambandi að vegna síðara uppboðsins skilaði leyfishafi inn umsögn vegna samráðs PFS um skilmála uppboðsins. Fjögur fyrirtæki tóku á endanum þátt í uppboðinu og leyfishafi var ekki eitt þeirra eins og áður sagði.

(116) Þá bendir PFS á að þann 20. desember 2019 efndi stofnunin til opins samráðs um þá áætlun sína að úthluta tíðniheimildum fyrir 5G þjónustu á 3,6 GHz tíðnisviðinu. Leyfishafi lagði ekki fram umsögn vegna þessa samráðs og lagði heldur ekki fram beiðni um að fá úthlutað tíðnisviði fyrir 5G.

#### *4.7. Sinnuleysi gagnvart íslenskum fjarskiptamarkaði*

(117) Frá því tíðniheimildin var gefin út í febrúar 2012 hefur PFS úthlutað í tvígang tíðnum fyrir 4G og einu sinni fyrir 5G. Leyfishafi óskaði aldrei eftir úthlutun tíðna í þessi þrjú skipti og að áliti PFS ber þetta vott um algjört áhuga- og sinnuleysi gagnvart íslenskum fjarskiptamarkaði.

(118) Að mati PFS hefur leyfishafi sýnt algjört sinnuleysi þegar kemur að starfsemi sinni hér á landi. Bæði varðandi notkun á núverandi tíðnisviði sínu sem og þeim eðlilega hluta í rekstri sínum að fylgja þeirri þróun sem á sér stað hverju sinni þegar kemur að tæknimálum s.s. eins og nauðsynlegu tíðnisviði svo hægt sé að veita þá þjónustu sem ætla má að farsímafyrirtæki með tíðniheimild stundi.

(119) Þá vekur það undrun PFS að þrátt fyrir að leyfishafi hafi lýst því yfir að hann hafi aldrei haft neinar tekjur af tíðnisviði sínu eða útbreiðslusvæði, aðeins útgjöld, hefur hann ekki séð hag sínum best borgið með því að skila inn tíðninni. Þetta vekur eðlilega upp spurningar um raunverulegan tilgang leyfishafa með því að hafa tíðniheimild hér á landi, þegar hún nýtist honum ekki hér á landi.

(120) PFS bendir á í þessu sambandi að sama eigi við um meðferð leyfishafa á númeraröð sem PFS úthlutaði leyfishafa upphaflega árið 2001 til notkunar fyrir farsímaþjónustu. Þrátt fyrir að gildandi reglur um númer kveði á um að númer úr númeraröðinni eigi að standa íslenskum notendum til boða á Íslandi fyrir farsímaþjónustu eru þau það ekki. Staðfesti leyfishafi það í bréfi sínu 20. nóvember 2020 að hann bjóði ekki upp á notkun númeranna hér á landi en það sé hins vegar hluti af uppbyggingaráætlun leyfishafa að svo verði. PFS er með til meðferðar sérstakt stjórnsýslumál vegna meðferðar leyfishafa á hinni úthlutaðu númeraröð.

(121) Það kemur fram hjá leyfishafa að hann hafi seinni hluta ársins 2017 selt viðskiptagrunn Alterna til Hringdu. Aðdragandi sölunnar var m.a. sá að sögn leyfishafa að hann gat ekki keppt við 4G þjónustu sem önnur fjarskiptafyrirtæki voru að bjóða. Í þessu sambandi bendir PFS á að árið 2013 var fyrst úthlutað tíðnum fyrir 4G hér á landi og þá þegar hefði leyfishafa átt að verða ljóst að tíðnisvið hans og 2G þjónusta myndi ekki geta veitt sambærilega þjónustu, eins og raunin varð. Þrátt fyrir þetta brást leyfishafi ekki við og lét það ógert að taka þátt í 4G uppboðum árin 2013 og 2017.



(122) Af þessu má ætla að leyfishafi hafi ekki talið það þjóna hagsmunum sínum að koma rekstri sínum í sambærilegt horf og önnur fjarskiptafélög hér á landi og verða þannig samkeppnishæfur. Á árunum 2012-2016 kveðst leyfishafi hafa verið að einbeita sér erlendis að M2M/IoT þjónustum. Á þessum árum gerðist lítið framan af í uppbyggingu leyfishafa hér á landi til að fullnægja skilyrðum tíðniheimildarinnar og á þessum tíma hóf 4G þjónustan innreið sína hér á landi.

(123) Í lok ársins 2016 kynnti leyfishafi fyrir PFS hugmyndir sínar að M2M/IoT þjónustu, í samvinnu við annað fyrirtæki, sem leyfishafi sagði að myndi nýta úthlutað tíðnisvið leyfishafa. Ítarleg og tímasett áætlun var kynnt PFS sem síðan varð aldrei að veruleika og ljóst strax í byrjun ársins 2017 að af þessu myndi ekki verða. Leyfishafi sýndi síðan engan vilja til að koma á þjónustu hér á landi, sem nýtti tíðnisvið, fyrr en PFS hóf mál þetta vegna langvarandi vandefnda leyfishafa í október 2020.

(124) Þær hugmyndir að uppbyggingu sem leyfishafi hefur lagt fram s.l. vikur og mánuði hafa ekki snúist um að nýta tíðniheimildina heldur verið ófullkomin drög að nýtingu tíðni fyrir 4G og 5G, sem leyfishafi hefur ekki. Þessi drög að uppbyggingu hafa því ekkert með tíðniheimild leyfishafa að gera og henni með öllu óviðkomandi. Það er því engin ástæða að mati PFS að taka tillit til þess í málflutningi leyfishafa vegna þessarar tíðniheimildar.

(125) Það er álit PFS að stofnunin hafi sýnt mikla biðlund og gengið eins langt og lög standi til í því skyni að koma til móts óskir leyfishafa. Bendir PFS á að stofnunin hafi dregið það að í tæp 5 ár, frá fyrstu tilkynningu um álit sitt um að leyfishafi hafi vanefnt skyldur um skilvirka nýtingu tíðninnar, að tilkynna leyfishafa um fyrirhugaða afturköllun.

(126) Með vísan til alls ofangreinds telur Póst- og fjarskiptastofnun að öll skilyrði fyrir afturköllun tíðniheimildar leyfishafa séu fyrir hendi vegna alvarlegra vandefnda af hálfu leyfishafa á því að uppfylla skuldbindingar um skilvirka nýtingu tíðninnar og útbreiðslu á fjarskiptaþjónustu samkvæmt tíðniheimild sinni.

#### 4.8. Andmæli leyfishafa við fyrirhugaða ákvörðun

(127) Þann 8. apríl 2021 tilkynnti PFS leyfishafa um fyrirhugaða ákvörðun með tölvupósti og gaf leyfishafa frest til föstudagsins 23. apríl s.á. til að koma fram með andmæli við henni. PFS bárust andmæli leyfishafa með tölvupósti mánudaginn 26. apríl s.á. eftir að leyfishafi hafði beðið um viðbótarfrest sem PFS varð við. Bréfið sem dagsett var 23. apríl 2021 var á ensku og var efni þess að mati PFS frekar almennt og bætti ekki við málið atriðum sem ekki höfðu komið fram áður við meðferð málsins.

(128) Vegna þessa gerði PFS eftirfarandi útdrátt úr bréfinu á íslensku sem PFS bar undir leyfishafa sem gerði ekki athugasemdir við hann.

*"Með bréfi fyrirsvarsmanns IMC Íslands ehf., dags. 23. apríl 2021, kom fram sú afstaða að félagið teldi sig vera að uppfylla skilmála tíðniheimildar um útbreiðslu fjarskiptaþjónustu. Ef PFS væri því ósamála var óskað eftir leiðbeiningum um rétta hlítningu. Félagið hefði lagt verulega fjármuni í fjarfestingar hér á landi á umliðnum árum og að það hefði fyrirætlanir um að halda áfram fjarfestingum og uppbyggingu hér á landi að fenginni tíðniheimild á 3,6 GHz. Ráðgert væri að kynna uppbyggingaráætlun þar að lútandi fyrir PFS í byrjun maí."*

(129) Varðand ósk leyfishafa um leiðbeiningar um rétta hlítinu við skilyrði tíðniheimildarinnar þá telur PFS sig hafa upplýst leyfishafa margítrekað um það undanfarin ár hvernig það yrði gert og leyfishafa hafi því lengi verið það ljóst. Í þessu sambandi vísar PFS t.d. til bréfs stofnunarinnar, dags. 17. desember 2015, til leyfishafa þar sem stofnunin fjallaði um hvað fælist í skilvirkri nýtingu tíðninnar, þ.e. að þjónusta sé veitt á kerfinu (sjá nánar málsgrein 9, 91 og 92). Þá vísar stofnunin til bréfs leyfishafa, dags. 15. febrúar 2016, þar sem leyfishafi taldi upp í 6 liðum þau atriði sem ætlunin var að gera til að mæta kröfum tíðniheimildarinnar um þjónustu og þar með fullnægja skilyrðinu um skilvirka notkun (sjá nánar málsgrein 10).

(130) Það er mat PFS að andmæli leyfishafa feli ekki í sér atriði sem breyti því mati PFS að leyfishafi hafi vanefnt skilmála tíðniheimildarinnar frá 14. febrúar 2012 um skilvirka nýtingu tíðninnar.

## Ákvörðunarorð

1. IMC Ísland ehf. hefur vanefnt skilmála samkvæmt 2. gr. tíðniheimildar fyrir tíðnisviðið 1740,3 - 1743,7 / 1835,3 - 1838,7 MHz (rásir 663 - 679), dags. 14. febrúar 2012, að því er varðar skilvirka nýtingu á tíðnum og útbreiðslu þjónustu.
2. Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 1. mgr. 13. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi var kunnugt um ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar. Um kostnað vegna málskots fer samkvæmt 5. mgr. 13. gr. sömu laga, auk þess sem greiða ber sérstakt málskotsgjald að upphæð kr. 150.000, skv. 6. gr. reglugerðar nr. 36/2009 um úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála. Samkvæmt 4. mgr. 13. gr. sömu laga getur aðili einnig borið ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar beint undir dómstóla án þess að mál sé fyrst borið undir úrskurðarnefnd. Slíkt mál skal höfðað innan þriggja mánaða frá því að viðkomandi fékk vitneskju um ákvörðun stofnunarinnar. Málskot frestar ekki réttaráhrifum ákvarðana stofnunarinnar. Málskot beint til dómstóla hindrar að úrskurðarnefnd sé heimilt að taka kæru til málsmeðferðar.

*Póst- og fjarskiptastofnun, 28. apríl 2021*

---

Hrafnkell V. Gíslason

---

Björn Geirsson

---

Hjalti Pálmason